

Samkvæmt almennum lögskýringarreglum verður þetta ákvæði ekki skilið á annan hátt en þann, að aðalreglan sé sú, að aðstöðugjald sé lagt á í því sveitarfélagi, þar sem gjaldandi á lögheimili eða hefur aðalatvinnurekstur sinn. Undantekningar-ákvæði 40. gr. laga nr. 8/1972 verður því að skýra þröngt, og fellur skurðgröfustarfsemi gerðarþola utan þessa ákvæðis.

Ekki er upplýst í málinu, hvar aðalatvinnurekstur gerðarþola hefur farið fram, og verður því að miða gjaldskylduna við lögheimili gerðarþola, en það er samkvæmt 1. gr. laga Búnaðarsambands Eyjafjarðar hér á Akureyri.

Samkvæmt framangreindu þykir því verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Ásgeir Pétur Ásgeirsson kvað upp úrskurð þennan.

#### Úrskurðarorð:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 31. janúar 1979.

Nr. 94/1978. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Óskari Guðmundssyni**

(Páll S. Pálsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.  
Ítrekun.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Í héraðsdómi er rakið efni lögregluskýrslu Jóns Björnssonar lögreglumanns, er stóð að handtöku ákærða ásamt

tveim öðrum lögregluþjónum, Þorsteini Sigfússyni og Óla Kristni Björnssyni. Eftir uppsögu héraðsdóms var að tilhlutan ríkissaksóknara háð framhaldsrannsókn í máli þessu hinn 7. desember 1978. Kom ákærði þá fyrir dóm til frekari prófunar. Einnig voru teknar skýrslur af greindum lögreglumönnum, en þeir höfðu ekki áður verið yfirheyrðir fyrir dómi í rannsókn máls þessa.

Við framhaldsprófið neitaði ákærði að skýra frá, hver vinkona hans væri, er hann dvaldist hjá að Asparfelli 8 aðfaranótt sunnudagsins 16. janúar 1977, en þar hafi hann sofið sunnudag þennan frá klukkan 0700 um morguninn þar til klukkan 1500 eða 1530. Hafi hann þá vaknað við símrhringingu og verið einn í íbúð vinkonu sinnar. Sá, er hringdi, hafi tjáð honum, að hún hefði meitt sig í húsi við Kársnesbraut, þar sem hún hefði verið, og farið á Borgarspítalann í aðgerð. Ákærði neitaði að upplýsa, hver hefði tjáð honum þetta. Kveðst ákærði síðan hafa ekið bifreiðinni R 34309 frá Asparfelli 8 að Kársnesbraut til að svipast eftir bifreið vinkonunnar, en ekki séð bifreiðina þar og því ekið að Borgarspítalanum. Ekki segist hann hafa ætlað að aka vinkonu sinni þaðan, enda hafi hann séð bifreið hennar þarna. Þá skýrir ákærði svo frá, að hann hafi ekki sett vél bifreiðarinnar R 34039 tvívegis í gang hjá Borgarspítalanum. Hún hafi verið erfið í gangsetningu og þess vegna muni hann ekki hafa drepit á henni. Hann hafi misminnt um þetta, er hann gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu mánudaginn 17. janúar 1977 og fyrir dómi 18. maí s. á. Lyklana að bifreiðinni segist hann hafa sett undir mottu í henni, ætlað síðan að skilja bifreiðina eftir þarna og gera bílaleigu þeirri, sem hann hafði tekið bifreiðina á leigu hjá, aðvart um það.

Er lögreglumenn þeir, er stóðu að handtöku ákærða, komu fyrir dóm, mundu þeir mjög óljóst eða ekki eftir málsatvikum. Er skýrsla Jóns Björnssonar lögreglumanns hafði verið þeim kynnt, könnuðust þeir við meginefni hennar.

Svo sem að framan greinir og rakið er í héraðsdómi, er framburður ákærða mjög á reiki og ákærði ósamkvæmur sjálfum sér í ýmsum atriðum, auk þess sem ákærði hefur

neitað að upplýsa önnur. Verður dómur í máli þessu því ekki nema að litlu leyti á framburði hans byggður. Þegar virt eru sakargögn, þykja fram komnar nægar sannanir fyrir því, að ákærði hafi við aksturinn frá Asparfelli að Kársnesbraut og þaðan að Borgarspítalanum verið með áhrifum áfengis í þeim mæli, að við lagaboð varði. Ekki verður þó niðurstaða blóðrannsóknar um vínandamagn í blóði ákærða ein sér lögð til grundvallar refsingu og öðrum viðurlögum hans í máli þessu. Er og óvist, hvort eða hve mikils áfengismagns hann kann að hafa neytt, eftir að akstri hans lauk við Borgarspítalann og þar til hann var handtekinn. Hefur ríkissaksóknari og lýst yfir hér fyrir dómi, að áfengismagn það, er reyndist í blóðsýni úr ákærða, hafi ekki úrslitaáhrif í máli þessu. Féll ríkissaksóknari frá ákæru um brot gegn 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og taldi, að heimfæra bæri brot ákærða að því er þessi lög varðar undir 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. þeirra. Þykir bera að heimfæra brot ákærða til lagaákvæða þessara, sbr. 80. gr. sömu laga, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976, svo og til þeirra ákvæða áfengisлага, er í héraðsdómi greinir.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 15 daga.

Í sakadómi Reykjavíkur hinn 30. júlí 1974 var ákærði með dómssátt sviptur ökuleyfi 3 mánuði frá 6. júní s. á. vegna ölvunaraksturs. Er því nú um ítrekun brots að ræða. Ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá 5. ágúst 1977, sbr. 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga, sbr. 1. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en þann dag var honum birtur héraðsdómur í máli þessu.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 60.000 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Óskar Guðmundsson, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá 5. ágúst 1977.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. júlí 1977.

Ár 1977, föstudaginn 8. júlí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómsara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 419/1977: Ákærvaldið gegn Óskari Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 23. f. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 5. apríl sl., gegn ákærða, „Óskari Guðmundssyni, verslunarstjóra, Kaplaskjólsvégi 27, Reykjavík, fæddum 16. janúar 1932 í Reykjavík, fyrir að aka sunnudaginn 16. janúar 1977 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 34039 frá Asparfelli 8 í Reykjavík að Kársnesbraut 3 í Kópavogi og þaðan að Borgarspítalanum í Reykjavík, þar sem lögreglan hafði afskipti af akstri ákærða.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1961 21/12 Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ökuhraða.

1974 30/7 Reykjavík: Sátt, 18.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 6/6 1974.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 16. janúar 1977, kl. 1810, veittu tveir lögreglu-menn, sem voru staddir við slysadeild Borgarspítalans, athygli bifreiðinni R 34039 á bifreiðastæði skammt frá aðalinngangi slysadeildarinnar. Vél bifreiðarinnar var ekki í gangi, en maður

sat í farþegasæti að framan. Þar sem lögreglumennirnir höfðu grun um, að ekki væri allt með felldu, höfðu þeir tal af manni þessum, sem var ákærði, Óskar Guðmundsson, og spurðu um ökumann bifreiðarinnar. Ákærði kvað hann hafa brugðið sér frá, en ekki vita, hver hann væri né hvert hann hefði farið. Sjálfur kvaðst ákærði vera leigutaki bifreiðarinnar, sem væri í eigu bílaleigunnar Geysis. Ákærði var sýnilega með áfengisáhrifum að sögn lögreglumanna, og var framburður hans mjög á reiki. Var hann því fluttur á lögreglustöðina til nánari yfirheyrslu og leit gerð í bifreiðinni. Fundust kveikjuláslyklar undir mottu á gólfi bifreiðarinnar. Athugun á vél bifreiðarinnar leiddi í ljós, að hún var sjóðheit að sögn lögreglumanna.

Í yfirheyrslu hjá varðstjóra skýrði ákærði svo frá, að hann hefði drukkið um það bil hálfu flösku af hvítvíni að Asparfelli 8 hér í borg um hádegi þennan dag, en neitaði að hafa ekið bifreiðinni. Sterkur áfengisþefur var frá vitum ákærða, andlit hans þrútið og augu vot. Ákærði var kurteis, jafnvægi hans stöðugt og málfar skýrt. Í skýrslu varðstjóra segir, að ákærði hafi verið sýnilega með áfengisáhrifum. Blóðsýnishorn var tekið úr ákærða til alkóhólranssóknar.

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi verið við drykkju að Asparfelli 8 aðfaranótt 16. janúar sl. Ákærði kveðst á tímanum frá kl. 0300 þar til kl. 0700 um morguninn hafa drukkið 3 tvöfalda skammta af Campari, blandaða með vatni. Hann fann ekki til mikilla áfengisáhrifa, en var nokkuð þungur. Hann fór að sofa um kl. 0700, og svaf til kl. 15-1530. Um kl. 1600 ók hann bifreiðinni R 34039 að Kársnesbraut 3 í Kópavogi og þaðan að slysadeild Borgarspítalans, en þar var vinkona hans í læknisáðgerð. Ákærði kveðst hafa verið einn í bifreiðinni. Hann kveðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Ákærði beið í bifreiðinni fyrir utan slysadeildina um 2 klst., uns lögreglan kom á vettvang. Á þessum tíma drakk hann vodkablöndu úr 3ja pela flösku, og var flaskan um það bil axlarfull. Var meiri hlutinn af innihaldi flöskunnar Coca cola. Ákærði kveðst hafa sett bifreiðina tvisvar í gang, á meðan hann beið, og látið hana ganga. Var ákærði þá með áfengisáhrifum. Ákærði kveðst hafa drepíð á vél bifreiðarinnar, skömmu áður en lögreglan kom, og sett lyklana undir gólfmottu. Ákærði sagði lögreglunni, að annar maður hefði ekið bifreiðinni til að reyna að sleppa.

Alkóhólmagnið í blóðsýnishorninu, sem tekið var úr ákærða, var 1.86‰.

Niðurstöður.

Svo sem nú hefur verið rakið, hefur ákærði neitað að hafa verið með áfengisáhrifum við akstur bifreiðarinnar R 34039 í framangreint sinn frá Asparfelli 8 að Kársnesbraut í Kópavogi og þaðan að Borgarspítalanum. Þykir verða að leggja þennan framburð hans til grundvallar, og ber að sýkna hann af ákær- unni að þessu leyti.

Hins vegar neytti ákærði áfengis í bifreiðinni við Borgarspítal- ann og kveðst hafa verið með áfengisáhrifum, er hann gangsetti hana tvisvar sinnum. Gangsetning bifreiðar telst liður í akstri, og hefur ákærði með þessu atferli því orðið brotlegur gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin, með því að um ítrekað brot hans er að ræða, 75.000 kr. sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber skv. framansögðu að svipta ákærða ævilangt ökuleyfi frá dómsbirtingu.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar héraðsdómslögmanns, kr. 20.000.

#### Dómsorð:

Ákærði, Óskar Guðmundsson, greiði 75.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi ævilangt frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin máls- varnarlaun til skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hér- aðsdómslögmanns, kr. 20.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.